

**Sjötti fundur samstarfsnefndar vegna sameiningaviðræðna  
Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar  
31. maí 2023, kl: 16:00.**

Mætt voru:

Jenný Lára Magnadóttir frá Tálknafjarðarhreppi  
Jóhann Örn Hreiðarsson frá Tálknafjarðarhreppi  
Lilja Magnúsdóttir frá Tálknafjarðarhreppi  
Ólafur Þór Ólafsson frá Tálknafjarðarhreppi  
Jón Árnason frá Vesturbyggð  
Þórkatla Soffía Ólafsdóttir frá Vesturbyggð  
Þórdís Sif Sigurðardóttir frá Vesturbyggð  
Guðrún Eggertsdóttir frá Vesturbyggð

Bryndís Gunnlaugsdóttir og Róbert Ragnarsson frá KPMG. Bryndís ritaði fundargerð.

**I. Starfshópar – Aðkoma ríkisins**

Farið var yfir drög að minnisblaði samstarfsnefndar um aðkomu ríkisins og framtíðarsýn sameinað sveitarfélags í samskiptum við ríkið.

*Minnisblaðið er samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum*

**II. Íbúafundir – drög að kynningu til umræðu**

Bryndís og Róbert fóru yfir drög að kynningu fyrir íbúafund. Lögð var áhersla á að á fundinum er verið að kynna fyrstu drög og tillögur út frá vinnu starfshópa en nú sé samráð við íbúa og tækifæri fyrir íbúa að hafa áhrif á tillögur um nýtt sveitarfélag.

*KPMG falið að vinna kynninguna áfram í samræmi við umræður á fundinum og senda til samstarfsnefndar til yfirlstrar fyrir íbúafundi.*

**III. Skipun kjörstjórnar**

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga skulu viðkomandi sveitarstjórnir sem stefna að sameiningu kjósa fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn eftir nánara samkomulagi þeirra. Miða skal við að hvert sveitarfélag hafi a.m.k. einn fulltrúa í kjörstjórn og að fjöldi nefndarmanna sé oddatala.

*Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar óskar eftir því að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar kjósi sameiginlega kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningar næsta haust sbr. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga. Lagt er til að kjörstjórn verði skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu koma úr Vesturbyggð og einn fulltrúi og einn til vara frá Tálknafjarðarhrepp*

**IV. Reglur um íbúakosningar**

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga þarf að samþykkja sameiginlegar reglur um íbúakosningu vegna sameiningar eða samþykkja að kosningin fari fram á grundvelli reglna er eitt sveitarfélag setur. Samstarfsnefndin hefur látið vinna drög að sameiginlegum reglum um íbúakosningar.

*Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar óskar eftir því að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykki sameiginlegar reglur um íbúakosningar í samræmi við 2. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.*

*Lagt er til að reglurnar fari til umsagnar hjá sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna sem og kjörstjórnna hvors sveitarfélags fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningu sveitarfélaganna áður en þær verða samþykktar í endanlegri útgáfu.*

**V. Önnur mál**

Engin önnur mál voru á dagskrá

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:45.